



UMSÖGN UM DRÖG AÐ FRUMVARPI TIL LAGA UM KYNRÆNT SJÁLFRÆÐI

REYKJAVÍK, 18. FEBRÚAR 2019

Samtökin '78 fagna því að forsætisráðuneytið leggi þetta metnaðarfulla frumvarp fram til Alþingis. Verði frumvarp þetta að lögum mun það hafa í för með sér gríðarlega mikilvægar réttarbætur og skipa Íslandi í fremstu röð hvað varðar kynrænt sjálfræði og viðurkenningu trans fólks.

Um leið gerum við alvarlegar athugasemdir við það að frumvarpið tryggi ekki börnum undir 16 ára aldri líkamlega friðhelgi og vernd gegn ónauðsynlegum inngripum í kyneinkenni þeirra. Yfirlýst markmið frumvarpsins er að standa vörð um rétt einstaklinga til líkamlegrar friðhelgi. Samkvæmt 3. gr. nýtur „sérhver einstaklingur ... óskoraðs réttar til ... líkamlegrar friðhelgi og sjálfstæðis [sic] varðandi breytingar á kyneinkennum.“ Það orkar því alvarlegs tvímælis að frumvarpið skilgreini einungis í hverju þessi friðhelgi felst fyrir einstaklinga yfir 16 ára aldri.

Þetta er þeim mun alvarlegra þar sem brot gegn sjálfsvörðunarrétti einstaklinga yfir kyneinkennum sínum eiga sér nær undantekningalaust stað á barnsaldri. Á það einkum við um intersex börn eða börn með ódæmigerð kyneinkenni, en alþjóðlegar rannsóknir meta að um 1 af hverjum 200 fæddum börnum séu í alvarlegri hættu á því að verða fyrir ónauðsynlegum og óafturkræfum inngripum í kyneinkenni sín. Samtökin '78 gera því þá skýlausu kröfu að við frumvarpið verði bætt ákvæðum sem tryggja líkamlega friðhelgi barna.

Athugasemdir við einstakar greinar og kafla

I. kafli: Markmið og skilgreiningar

1) Skilgreining á kynvitund (6. mgr. 2.gr.)

Í skilgreiningu á kynvitund hefur slæðst með þágufallsending sem ekki á heima þar. Rétt skilgreining væri: „Kynvitund: Upplifun einstaklings af eigin kyni og skilgreining hans á því.“

II. kafli: Réttur einstaklings til að skilgreina sjálfur kyn sitt.

1) Líkamleg friðhelgi og sjálfræði, ekki sjálfstæði (3.gr., d-liður)

Í d-lið 3. greinar hefur orðasambandinu „líkamleg friðhelgi og sjálfræði“ verið breytt í „líkamleg friðhelgi og sjálfstæði“, frá því sem var í fyrri útgáfum. Þetta er í engu samræmi við heiti, inntak og markmið frumvarpsdraganna.

2) Takmörkun á heimild til að breyta skráningu kyns (7. gr.)

Ýmsar gildar ástæður geta verið fyrir því að einstaklingur óski þess að breyta kynskráningu sinni oft en einu sinni. Kynvitund einstaklinga getur þróast með tímanum, og einnig geta komið upp sérstakar ástæður þar sem manneskja óttast um öryggi sitt ef hún notast við skilríki með rétttri kynskráningu (t.d. við ferðalög til landa þar sem miklir fordómar ríkja í garð hinsegin fólks).



Samtökunum '78 er mjög til efs að þessarar greinar sé þörf. Hún stangast verulega á við markmið frumvarpsins um að einstaklingar skuli njóta sjálfræðis um kynskráningu sína. Verði hún áfram hluti af frumvarpinu mælumst við til þess að skilgreint verði hvaða stjórnvald metur hvort önnur breyting sé heimil. Einnig verði kveðið á um að heimilt sé að breyta kynskráningu aftur sé það í samræmi við þróun kynvitundar viðkomandi eða vegna aðstæðna þar sem núverandi skráning gæti stefnt öryggi viðkomandi í hættu.

3) Lögfræðingur sérfræðinefndar skv. 9.gr.

Samkvæmt frumvarpsdrögum skal „lögfræðingur, tilnefndur af ráðherra sem fer með mannréttindamál,“ eiga sæti í sérfræðinefnd um breytingar á kynskráningum barna. Samtökin '78 telja rétt að þessi lögfræðingur hafi sérþekkingu á réttindum barna, enda eru aðrir sérfræðingar í nefndinni með málefni barna sem sérsvið innan síns fags.

III. kafli: Líkamleg friðhelgi og breytingar á kyneinkennum.

1) Líkamleg friðhelgi – vernd til handa börnum (11. gr.)

Líkt og fram kemur í inngangi að umsögn þessari, orkar alvarlegs tvímælis að frumvarpið skilgreini einungis í hverju líkamleg friðhelgi varðandi kyneinkenni felst fyrir einstaklinga yfir 16 ára aldri. Samtökin '78 gera þá kröfu að bætt verði við ákvæði sem kveður á um sambærilega vernd fyrir kyneinkenni barna. Við styðjum heilshugar þá útfærslu sem var hluti af frumvarpsdrögum þegar þau voru afhent velferðarráðuneyti veturinn 2017-18.

2) Skráningar á breytingum á kyneinkennum barna

Tölfræði yfir varanlegar breytingar sem gerðar eru á kyneinkennum barna hérlendis er stórlega ábótavant. Nauðsynlegt er að öll slík inngrip verði skráð svo unnt sé að henda betur reiður á stöðu þessara mála í íslensku heilbrigðiskerfi. Við leggjum því til að eftirfarandi grein verði bætt við í III. kafla:

„Læknar sem gera varanlegar breytingar á kynfærum, kinkirtlum eða öðrum kyneinkennum barna skulu halda skrá yfir þær og veita landlækni árlega upplýsingar um fjölda og eðli inngripa og aldur þeirra sem þær undirgangast.“

3) Notkun orðsins „kynósamræmi“ í 12. og 13. gr.

Einn stærsti gallinn á núgildandi lögum um málefni trans fólks, Lögum um réttarstöðu fólks með kynáttunarvanda, nr. 57/2012, er að þau byggja á hinu úrelta sjúkdómsheiti „kynáttunarvandi“ (e. gender identity disorder), sem hvarf út úr alþjóðlegum greiningarviðmiðum áður en umrædd lög voru samþykkt á Alþingi. Þessi reynsla sýnir hve varhugavert er að festa tiltekna greiningar í lög. Því er ekki að neita að þessi lög fela í sér nákvæmari útlistun á heilbrigðisþjónustu en gengur og gerist, en af því leiðir einnig að frumvarpið er ekki bundið af fordæmi um að nota skuli tiltekið greiningarheiti í lögum sem þessum. Samtökin '78 mæla því með að orðinu „kynósamræmi“ verði skipt úf fyrir „kynvitund“, sem er hlutlaust, lýsandi, ólíklegt til að úreldast og felur ekki í sér tiltekna sjúkdómsgreiningu



Í heitum teymanna sem skilgreind eru í 12.gr. og 13.gr. verði orðinu „kynami“ skipt út fyrir „kynvitund“, sem svo: „Teymi Landspítala um kynvitund og breytingar á kyneinkennum“, „Teymi barna- og unglíngageðdeildar um kynvitund og ódæmigerð kyneinkenni“.

Í 3.másl. 1.mgr. 13.gr. komi orðasambandið „sem upplifa ósamræmi milli kynvitundar sinnar og úthlutaðs kyns“ í stað „sem upplifa kynósamræmi“.

Í skilgreiningum (2.gr.) verði skilgreiningin á kynósamræmi (nr. 4) fjarlægð, enda komi orðið „kynósamræmi“ þá hvergi fyrir í texta frumvarpsins sjálfs.

V. Ákvæði til bráðabirgða

1) Samsetning starfshóps

Við leggjum til eftirtaldar breytingar á samsetningu starfshóps um breytingar á kyneinkennum barna:

Þar eð breytingar á kyneinkennum barna koma ekki geðlækningum við, teljum við ónauðsynlegt að barnageðlæknir eigi sæti í hópnum.

Verði starfshópnum falið að gera tillögu að breytingu á lögum munu sjónarmið og þekking lögfræðinga vega þar þungt. Við teljum því að tveir lögfræðingar eigi að sitja í hópnum, einn með sérþekkingu á mannréttindamálum og annar með sérþekkingu á réttindamálum barna. Einnig teljum við að sjónarmið siðfræðinga ættu að hafa aukið vægi innan starfshópsins og leggjum til að þeir verði tveir frekar en einn.

Skyldu einhverjar spurningar vakna varðandi umsögn þessa má beina þeim til undirritaðrar.

F.h. Samtakanna '78

MARÍA HELGA GUÐMUNDSDÓTTIR
FORMAÐUR SAMTAKANNA '78